
VÍSINDARÁÐ LANDSPÍTALA

- ÁRSSKÝRSLA 2023



LANDSPÍTALI

VÍSINDARÁÐ LANDSPÍTALA - ÁRSSKÝRSLA 2023

Formáli – Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs Landspítala

Tíminn líður hratt á gervihnattaöld segir í vinsælum sönglagatexta og getur undirrituð tekið undir það. Þegar þetta er skrifað eru komin nær átta ár síðan hún tók við sem formaður Vísindaráðs Landspítala. Þessi ár hafa liðið hratt, enda verið einkar gefandi, skemmtileg og lærdómsrík. Sem ekki síst má þakka einvaliði af reyndu, jákvæðu og skemmtilegu vísindafólki sem hefur starfað í Vísindaráði þessi ár. Svo ekki sé minnst á starfsmann ráðsins, sem hefur gert öll verkefni skemmtilegri og auðunnari en ella. Megi þau öll hafa hjartans þakkir fyrir samstarfið.

Það má finna ýmislegt jákvætt sem hefur gerst í starfsumhverfi Vísindaráðs á þessum tæplega átta árum. Það sem þó stendur upp úr er sú ákvörðun forstjóra spítalans að setja vísindi og vísindaumhverfið á spítalanum í forgang. Færa vísindatengd málefni spítalans á skrifstofu forstjóra og vera þannig með puttann á púlsinum í sókn sem hefur það markmið að efla vísindi og vísindamenningu innan spítalans.

Annað mjög jákvætt og þessu tengt er hækun framlaga í Vísindasjóð Landspítala, þau hafa nær því tvöfaldast á síðustu 4-5 árum, eða úr 85 í 150 milljónir á næsta ári. Hækkunir á árlegu framlagi Landspítala í Vísindasjóð hefur gefið tilefni til endurskoðunar á úthlutunarstefnu sjóðsins. Vísindaráð hóf þá vinnu á síðasta ári og sendi frá sér tillögur að breyttri úthlutunarstefnu sjóðsins snemma á þessu ári. Í megintexta þessarar ársskýrslu er gerð ítarleg grein fyrir þessum tillögum. Markmið tillagnanna er að styrkjakerfið yti undir hönnun og skipulagningu stærri og metnaðarfullri verkefna með nýnæmi og vísindalegt gildi að leiðarljósi. Ein leið til þess er að bjóða upp á hærri verkefnastyrki úr sjóðnum og að tryggja fjármögnun verkefna til lengri tíma en nú er. Fleiri en einn styrkjaflokkur yrði í boði og hver þeirra með mismunandi hámarksupphæðir sem hægt yrði að sækja um. Hver vísindamaður myndi einungis geta sótt um styrk fyrir einu vísindaverkefni og ef verkefnið fengi framgang fengi það fullan styrk. Takmarkaður fjöldi verkefna yrði styrktur hverju sinni og réðist fjöldinn af fjárhagslegri stöðu sjóðsins. Breytt úthlutunarstefna myndi stytta tíma sem tekur að ljúka verkefnum. Það eykur líkindi á nýnæmi niðurstaðna, þar af leiðandi birtingu í vísindaritum með hærri áhrifastuðli og fleiri tilvísanir en ella.

Forsenda þess að sjóðurinn fái áfram að vaxa og dafna er að í hugum þeirra sem fara með ákvörðunarvaldið sé enginn vafi á að mats- og valferlið á styrktum verkefnum sé byggt á óháðu faglegu mati. Vísindaráð stefnir að því að umsóknir í sjóðinn skuli skrifaðar á ensku þannig að hægt verði að afla ytra mats hjá erlendum sérfræðingum. Þá hefur Vísindaráð reifað tillögur þess efnis að Vísindasjóður skipi sérstakt fagráð erlendra sérfræðinga, sem beri ábyrgð á faglegu mati umsókna fyrir stjórn sjóðsins. Tillaga frá ráðinu um að úthýsa til Rannís faglegu mati umsókna í sjóðinn er einnig uppi á borðum. Rannís myndi þá sjá um að setja saman óháð fagráð skipað erlendum sérfræðingum sem afla mats frá ytri sérfræðingum. Fagráðið myndi skila af sér mati til stjórnar Vísindasjóðs. Stjórnin tæki endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja eftir að hafa leitað álits frá fagráði Vísindasjóðs.

Að lokum vill undirrituð nota tækifærið og benda á að samkvæmt gögnum Vísindaráðs hefur orðið fækkun í hópi vísindamanna sem sækir um styrk í Vísindasjóð. Skoða þarf þetta betur og finna skýringar, en það yrði mikið áhyggjuefni ef um er að ræða endurspeglun á fækkun í hópi virkra vísindamanna á spítalanum. Hvort heldur er, þá er komin tími á að spítalinn hugi að nýliðun í hópi vísindafólks á spítalanum. Ein af leiðunum til þess gæti verið ráðning nýdóktora og nota til þess val- og matsferli Vísindasjóðs og tryggja þannig ráðningu hæfasta vísindafólksins.

VÍSINDARÁÐ 2023



Rósa Björk Barkardóttir (formaður), sameindalíffræðingur, yfirmaður sameindameinafræði meinafræðideildar LSH og klínískur prófessor. Var í leyfi okt.-des.



Marianne Klinke, forstöðumaður fræðasviðs á Kennslu- og rannsóknardeild Lyflækninga- og bráðasviðs LSH og prófessor við Háskóla Íslands. Leysti formann af okt. - des.



Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs á kvenna- og barnasviði LSH og prófessor við Háskóla Íslands. Var í leyfi 2023.




Sigríður Zöega, deildarstjóri í Verkjateymi LSH og dósent við Háskóla Íslands.



Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun á skrifstofu framkvæmdarstjóra hjúkrunar LSH og dósent við Háskóla Íslands. Leysti af sem aðalmaður í fjarveru Guðrúnar Kristjánsdóttur.



Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir á erfða- og sameindalæknisfræðideild LSH og prófessor við Háskóla Íslands.



Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur á ónæmisfræðideild LSH og prófessor við Háskóla Íslands.



Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir á Hjartalækningadeild LSH og prófessor við Háskóla Íslands.



Ingibjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur á Næringarstofu LSH og prófessor við Háskóla Íslands. Skipuð aðstoðarrektror vísinda við Háskóla Íslands á árinu.



Sigurdís Haraldsdóttir, yfirlæknir á Krabbameinsmiðstöð LSH og dósent við Háskóla Íslands.



Starfsmaður vísindaráðs
Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur

VARAMENN 2023:

Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur á Frumulíffræðideild LSH og klínískur prófessor.

Jón Þór Bergþórsson, náttúrufræðingur á Rannsóknarkjarna í blóðmeinafræði LSH og dósent við Háskóla Íslands.

Lena Rós Ásmundsdóttir, sérfræðilæknir við Sýkla- og veirufræðideild LSH og lektor við Háskóla Íslands.

María Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur á Sálfræðiþjónustu LSH og prófessor við Háskólann í Reykjavík.

Rannveig Jóna Jónasdóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Gjörgæslu LSH og lektor við Háskóla Íslands.

Þór Eysteinnsson, náttúrufræðingur á Augnlækningum LSH og prófessor við Háskóla Íslands.

Þórunn Jónsdóttir, sérfræðilæknir á Gigtlækningum LSH og lektor við Háskóla Íslands.

STARFSEMI 2023



HELSTU VERKEFNI VÍSINDARÁÐS Á ÁRINU 2023

FUNDIR VÍSINDARÁÐS

Fundir ráðsins voru 13 talsins á árinu. Fundir voru allir á fjarfundaformi til hagræðingar fyrir ráðsmenn. Starfsmaður ráðsins tekur saman fundargerðir, formaður og ráðsmenn lesa yfir og gera athugasemdir ef einhverjar eru, annars samþykka. Fundargerðir Vísindaráðs munu verða gerðar aðgengilegar á vef ráðsins frá og með árinu 2024.

Hér að neðan er farið yfir helstu mál sem unnið var að innan Vísindaráðsins á starfsárinu 2023:

TILLAGA AÐ BREYTINGUM Á ÚTHLUTUNARSTEFNU VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Styrkuppæðir hækkaðar. Fjöldi styrkja takmarkaður en fullur styrkur veittur til verkefna sem fá framgang. Einungis hægt að sækja um einn styrk í sjóðinn. Lögð meiri áhersla á vísindalegt gildi, nýnæmi og gæði umsókna.

Mikilvægt er að finna leiðir til að efla vísindarannsóknir og vísindamenningu við Landspítala og stuðla að rannsóknum með hátt vísindalegt gildi og nýnæmi. Styrkir úr Vísindasjóði eru ekki nógu háir til að raunhæft sé að hanna metnaðarfull vísindaverkefni með nægilega miklu vísindalegu gildi og nýnæmi til að fá birtingu í vísindaritum með háum áhrifastuðli. Það er því samröma álit meðlima Vísindaráðs að þörf sé á endurskoðun styrkja- og úthlutunarkerfis Vísindasjóðs Landspítala með það að markmiði að gera vísindafólki á spítalanum mögulegt að fjármagna metnaðarfull vísindaverkefni með hátt vísindalegt gildi og alþjóðlegt nýnæmi.



Finna verður leiðir sem ekki valdi mikilli aukningu á fjárútlátum frá Landspítala. Ein af þeim gæti verið hækkun á styrk til hvers vísindaverkefnis á kostnað fækkunar á styrktum verkefnum. Lengi voru engar reglur varðandi fjölda umsókna sem hver vísindamaður mátti árlega senda inn til Vísindasjóðs. Fyrir nokkrum árum var sett ákveðið hámark, þ.e.a.s. Vísindasjóður styrkir á hverjum tíma ekki fleiri en þrjú verkefni hvers vísindamanns. Gera þarf betur og breyta reglum Vísindasjóðs þannig að styrkupp hæð fyrir hvert verkefni sé hækkuð, að vísindamenn geti einungis sótt um styrk fyrir eitt vísindaverkefni og að veittur verði fullur styrkur eða verkefnið ekki styrkt. Ljóst er að fæstum metnaðarfullum verkefnum með hátt vísindalegt gildi er hægt að ljúka á einu ári. Flest verkefni þurfa a.m.k. þriggja ára styrk til að eiga möguleika á að klárast.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu Vísindaráðs var send tillaga um breytta úthlutunastefnu Vísindasjóðs til forstjóra Landspítala, sem er jafnframt formaður Vísindasjóðs. Tillagan ásamt rökstuðningi er eftirfarandi:

Tillaga Vísindaráðs að nýjum styrkjaflokkum Vísindasjóðs og hækkun styrkja

Tillagan felur í sér að úthlutunarreglum Vísindasjóðs verði breytt þannig að á hverjum tíma geti vísindamenn einungis verið handhafar á einum vísindastyrk frá Vísindasjóði Landspítala. Styrkjaflokkar Vísindasjóðs verði þrír. Takmarkaður fjöldi styrkja verði í boði í hverjum styrkjaflokki og ræðst fjöldi þeirra á hverjum tíma af fjárhagslegri stöðu Vísindasjóðs. Þeir sem fá styrk verði veittur fullur styrkur. Í tillögunum hér að neðan er gert ráð fyrir að þeir sem sækja um stærri styrk (styrkjaflokkur I) og fá höfnun, fái tækifæri til að senda inn umsókn um minni styrk (styrkjaflokk II). Áætlun sem gerð var fyrir komandi styrktímabil er eftirfarandi:

- Styrkjaflokkur I: 5 styrkir og hámark 6 milljónir á ári – lokafrestur 1. nóvember - tilkynning um úthlutun 18. janúar – úthlutun á Vísindi á vordögum 23. apríl.
- Styrkjaflokkur II: 28 styrkir og hámark 2 milljónir á ári – lokafrestur 1. febrúar - tilkynning um úthlutun 10. apríl – úthlutun á Vísindi á vordögum 23. apríl.
- Styrkjaflokkur ungra vísindamanna: 5 styrkir og hámark 1,5 milljón á ári – lokafrestur 20. október – tilkynning um úthlutun 30. nóvember – úthlutun 12. desember

Rökstuðningur og helstu forsendur útreikninga fyrir breyttum úthlutunarreglum:

Helstu forsendur útreikninga eru:

- Hámarksupphæð styrkja úr styrkjaflokki I verður 6 milljónir á ári
- Hámarksupphæð styrkja úr styrkjaflokki II verður 2 milljónir á ári
- Hámarksfjöldi styrkja til ungra vísindamanna verði 1,5 milljónir á ári
- Heildarfjöldi stærri styrkja (styrkjaflokkur I) næstu þrjú árin verður 15 (5 á ári)
- Heildarfjöldi minni styrkja (styrkjaflokkur II) næstu þrjú árin verður 48 (16 á ári)
- Heildarfjöldi styrkja til ungra vísindamanna næstu tvö árin verður 10 (5 á ári)

Útreikningarnir hér að neðan byggja á forsendunum hér að ofan, ásamt því að gengið er út frá að flestir sem sækja um vorstyrk sækja um styrk til 3 ára. Ungir vísindamenn geta sótt um styrk til 2 ára:

- Styrkjaflokkur I (6 milljónir), hámark 5 styrkir á ári næstu þrjú ár, samtals 15 styrkir alls – 30 milljónir + 60 milljónir + 90 milljónir = 180 milljónir af samtals 443,5 milljónum (41%)
- Styrkjaflokkur II (2 milljónir), hámark 28 styrkir fyrsta árið, síðan 10 á ári (samtsals 48 styrkir alls) - 56 milljónir + 76 milljónir + 96 milljónir = 228 milljónir af samtals 443,5 milljónum (51%)
- Styrkjaflokkur ungra vísindamanna (1,5 milljón), 5 styrkir á ári og í hámark 2 ár (samtsals 15 styrkir alls) – 7,5 milljónir + 14 milljónir + 14 milljónir = 35,5 milljónir af samtals 443,5 milljónum (8%)

Tillagan er hugsuð þannig að sem flest af okkar færa vísindafólki hafi fjármögnun úr sjóðnum á hverjum tíma. Til að koma sem flestum í gang í nýju úthlutunarkerfi er fjöldi úthlutaðra styrkja úr styrkjaflokki II áætlaður 3 sinnum hærri fyrsta árið en sá fjöldi sem kemur til með að verða úthlutað næstu árin á eftir.



Heildar-úthlutunarprósentan ætti að vera 50-60% fyrsta árið (miðað við að 55 vísindamenn sæki um). Það yrði töluverður skellur samanborið við núverandi úthlutunarprósentu sem er 80-85% og því eðlilegt að það verði einhver óánægja hjá þeim sem ekki fá neinn styrk. Úthlutunarprósentan mun svo lækka enn frekar næstu tvö árin, nema til komi hækkun framlaga í sjóðinn, sem vonandi gerist.

Það er gagnlegt að horfa á heildarmyndina, þ.e.a.s. í því samhengi að styrkirnir eru hugsaðir til 3 ára. Á þessum þremur árum verða veittir samtals 15 úr styrkjaflokki I og samtals 48 úr styrkjaflokki II. Það verður því hægt að veita styrki til 63 vísindamanna á þessum 3 árum. Þannig að á hverjum tíma eru rúmlega 60 vísindamenn á Landspítala að vinna að rúmlega 60 vísindaverkefnum styrktum af Vísindasjóði Landspítala. Talan yrði nokkuð lægri en hún er í dag, en upphæðir sem hægt er að verja í hvert verkefni yrðu hærrí.

Gengið er út frá því að við þessa breytingu ættu verkefnin að geta orðið metnaðarfullri, vinnast á styttri tíma og niðurstöður birtast fyrr en ella. Möguleikinn á tilvísun í grein með „ferskar“ niðurstöður ætti að aukast og þannig væri um að ræða leið til að auka fjölda tilvísana.

Annað sem myndi vinnast við þessar breytingar er aukið fjármögnunaröryggi. Styrkirnir yrðu veittir til þriggja ára, en ekki til eins árs í senn eins og staðan er í dag. Aukin stefnufesta og fjármögnunaröryggi eykur samkeppnishæfni í baráttunni um besta starfsfólkið/nemanna í sumarvinnu.

Úthlutun verkefnastyrkja verði í lok janúar í staðinn fyrir lok apríl

Í tillögum Vísindaráðs um breytingar á úthlutunarstefnu Vísindasjóðs er gert ráð fyrir að ljóst verði strax í janúar/febrúar hvaða verkefni muni fá styrk úr sjóðnum. Flestir nemar sem útskrifast að vori, og nemar sem leita sér að vinnu yfir sumarið, hefja atvinnuleit fyrir sumarið strax í byrjun árs. Til að eiga möguleika á að ráða til sín besta námsfólkið í PhD nám, eða ráða bestu nemendurna í sumarstarf, þarf tilkynning um úthlutun styrkja að vera ekki seinna en í febrúar.

BREYTINGAR Á STYRKJAFLOKKUM

Í kjölfar vinnu ráðsins hvað varðar breytta úthlutunarstefnu var hafin vinna við að skilgreina flokka styrkja skv. tillögu að nýrri úthlutunarstefnu Vísindasjóðs og miðað þá við 3 styrkjaflokka, stærri styrki til allt að 3ja ára, minni styrki til allt að 3ja ára og styrki fyrir unga vísindamenn til allt að 2ja ára. Ráðsmenn unnu ásamt starfsmanni sjóðsins að breytingum og enskum þýðingum á umsóknarleiðbeiningum og matsblöðum ráðsins, með það fyrir augum að vera í stakk búin til innleiðingar ef breytingartillögur sem lágu fyrir næðu fram að ganga hjá framkvæmdastjórn Landspítala.

FRESTUN Á GILDISTÖKU BREYTTAR ÚTHLUTUNARSTEFNU

Ráðsmenn voru sammála um að undanfari breytingar á úthlutunarstefnu sjóðsins krefðist mikillar og góðrar kynningar innan vísindasamfélagsins á Landspítala. Ljóst var upp úr miðju sumri að ekki tækist að klára samþykktarferlið hjá framkvæmdastjórn fyrir nýrri úthlutunarstefnu í tíma til þess að hægt væri að undirbúa vísindasamfélagið fyrir breytingum á úthlutunarstefnu á næsta reikningsári sjóðsins. Tímaskortur og sú staðreynd að formaður Vísindaráðs hugði á leyfi frá störfum með haustinu réði því að ákvörðun var tekið um að fresta frekari vinnu við undirbúning breyttrar úthlutunarstefnu. Þó var ákveðið að gera breytingu á styrkjaflokki til ungra starfsmanna Landspítala til klínískra verkefna í samræmi við tillögur um breytta úthlutunarstefnu, að veita ákveðin fjölda styrkja til allt að 2ja ára - verkefni sem fengu framgang fengu fullan styrk en önnur verkefni engan styrk auk þess sem umsóknareyðublöð væru á ensku.

TILLAGA UM BREYTINGU Á HLUTVERKI VÍSINDARÁÐS

Minnka umfang og hlutverk ráðsins sem fagráð fyrir Vísindasjóð Landspítala. Stofna skal sérstakt fagráð Vísindasjóðs með sérfræðingum utan Landspítala – allar umsóknir á ensku og ytra mat fengið frá sérfræðingum utan landsteinanna

Faglegt mat á umsóknum er alltaf mikilvægt og verður mikilvægara eftir því sem styrkuppþæðir eru hærrí. Undanfarin ár hefur reynst æ erfiðara fyrir Vísindaráð að fá innlenda sérfræðinga til að taka að sér faglegt mat á umsóknum í Vísindasjóð. Aðalástæðan er hvað vísindasamfélagið er lítið á Íslandi, allir þekkja alla og flestir hafa tengingar við umsækjendur styrkja sem valda vanhæfi samkvæmt reglum ráðsins. Sama á við um meðlimi ráðsins, oftast en ekki þurfa þeir að segja sig frá umfjöllun um faglegt mat umsókna vegna vanhæfis. Umsóknir skrifaðar á ensku opnar á þann möguleika að kalla eftir faglegu mati frá sérfræðingum utan landsteinanna og þannig mögulega auka úrval og fjölda sérfræðinga sem hægt er að fá til að vinna faglegt mat á umsóknum. Einnig er kominn tími á að skoða möguleikann á að setja saman sérstakt fagráð Vísindasjóðs með sérfræðingum starfandi utan Landspítala.

Auka vægi ráðgjafahlutverks Vísindaráðs og auka tengsl þess við framkvæmdastjórn - skoða hvort Vísindaráð eigi heima á sama stað í skipuriti Landspítala og núverandi Fagråd Landspítala.

Rætt var innan ráðsins og kynntar fyrir forstjóra tillögur sem miða að því að við Landspítala verði skipað Vísindaráð sem hefði sömu stöðu/svipaða stöðu og Fagråd Landspítala. Nýtt Vísindaráð hefði raunverulegra og formlegra ráðgjafahlutverk fyrir framkvæmdastjórn spítalans og forstjóra. Einnig voru mikið rædd áhrifin af nýrri úthlutunarstefnu Vísindasjóðs og þörfin á endurskoðun á núverandi hlutverki Vísindaráðs gagnvart Vísindasjóði. Ráðsmenn sjá helstu rök til breytinga eftirfarandi:

- Tillaga ráðsins að breyttri úthlutunarstefnu Vísindasjóðs leiðir til þess að upphæðir styrkja hækka og fjöldi þeirra minnkar og samkeppni um hvern styrk eykst. Til að tryggja að enginn efast um að faglegt mat og matsferill umsókna í Vísindasjóð sé eins faglegur og hlutlaus og mögulegt er, þarf að endurskoða samsetningu á þeim hópi sem hefur umsón með og metur umsóknir í sjóðinn, ásamt einkunnagjöf. Ekki síst þann hóp matsmanna sem fer yfir og ber ábyrgð á mati og einkunnagjöf stærri vísindastyrkja.
- Mögulega væri hægt að úthýsa mati á umsóknum um styrki til Rannís – Rannís sjái um að skipa sérstakan faghóp sem ber ábyrgð á mati á umsóknum um styrkina og skili sínum niðurstöðum til stjórnar sjóðsins – Í dag sinnir Rannís slíkri þjónustu fyrir fleiri tugi stærri og minni sjóða.
- Einnig væri hægt að skoða hvort stjórn Vísindasjóðs skipi sértakt fagråd Vísindasjóðs, sem sér um mat á umsóknum sem berast í sjóðinn. Stjórn sjóðsins gæti kallað eftir tillögu/tilnefningum í þennan matshóp frá áður nefndu „nýju Vísindaráði“. Meirihluti, eða helst allir meðlimir fagråðs Vísindasjóðsins þyrftu að vera utan Landspítala, þ.e.a.s. ekki starfsfólk á Landspítala. Mætti hugsa sér að fá í þennan matshóp íslenskt vísindafólk starfandi við erlenda háskóla í bland við erlenda vísindamenn (Rannís er með slíkt fyrirkomulag). Í dag er auðvelt að hittast á fjarfundum til matsyfirferðar á umsóknum. Það myndi að öllum líkindum fylgja þessu einhver kostnaður – en spurning hvort þessi kostnaður er ekki þegar til staðar „í kerfinu“. Miðað við núverandi fyrirkomulag þá yrði hann á öðru og augljósara formi.



SAMRÁÐSGÁTT UM VÍSINDI OG VÍSINDATENGD MÁLEFNI

Rætt var innan ráðsins mikilvægi samráðs við hagaðila um vísindi og vísindatengd málefni innan Landspítala. Lögð var fram hugmynd að samráðsgátt fyrir stjórnendur LSH (forstjóri/framkvæmdastjórn) og/eða Vísindaráð, þar sem hagaðilum/starfsmönnum væri gefinn kostur á að koma með álit á fyrirhuguðum breytingum í stefnu eða málefnum er varða ákvarðanatöku í málefnum sem snúa að vísindum á spítalanum.

NÁMSKEIÐ Í GERÐ VÍSINDAUMSÓKNA

Við faglega matsyfirferð innsendra umsókna til Vísindasjóðs Landspítala árið 2023 ræddu ráðsmenn óformlega um hve gæðum margra umsókna var ábótavant. Of algengt væri að verkefni fengju lága matseinkunn fyrir gæði umsókna sem hefur mikil áhrif á heildareinkunn verkefnis og þannig á úthlutunarupphæð úr sjóðnum og getur og hefur jafnvel leitt til höfnunar á umsóknum. Ráðsmenn voru sammála um að bregðast yrði við þessu með einhverjum hætti jafnvel með fræðslu til umsækjenda þar sem lögð yrði áhersla á að vandað sé til verka.



Umræða um útfærslu stendur yfir en meðlimir ráðsins voru sammála um að þetta verkefni ætti hugsanlega að vera á borði Vísindadeildar, frekar en Vísindaráðs.

ÁBYRGÐ OG UMSJÓN MEÐ FAGLEGU MATI UMSÓKNA Í VÍSINDASJÓÐ LANDSPÍTALA

Stærsta, umfangsmesta og án efa lang tímafrekasta verkefni Vísindaráðs er að halda utan um og sjá um faglegt mat á styrkumsóknum í Vísindasjóð Landspítala og samræma einkunnagjöf. Á grundvelli þessarar vinnu og niðurstöðu ráðsins er styrkjum úthlutað úr Vísindasjóði á Vísindum á vordögum. Vísindaráð ákveður umgjörð umsóknar- og matsferils umsókna ásamt tegund styrkja og styrkjaflokka í boði hverju sinni í samræmi við stefnu Vísindasjóðs. Vísindaráð ákveður innihald og gerð umsóknareyðublaða í samræmi við áherslur sjóðsins ásamt regluverki og leiðbeiningum. Ráðið ákveður áherslupætti í mati og leiðbeiningum fyrir ytri matsaðila ásamt gerð staðlaðra matsblaða fyrir ráðsmenn og ytri matsaðila til að auðvelda samræmingu á mati umsókna og einkunnagjöf. Við þessi verkefni nýtur það aðstoðar starfsmanns ráðsins sem heldur utan um rafrænt styrkumsóknarkerfi spítalans, ásamt því að halda utan um og leiðbeina umsækjendum í umsóknarferlinu og matsaðilum í matsferlinu. Styrkúthlutunarferlið ásamt utnumhaldi og undirbúning á viðburðum tengdum styrkúthlutunum er í höndum starfsmanns ráðsins og er framkvæmt í samráði við formann Vísindaráðs.

Auglýst var eftir umsóknum um verkefnastyrki vegna vorúthlutunar úr Vísindasjóði Landspítala þann 19. desember 2022 og var umsóknarfrestur til 31. janúar 2023. Sjóðnum bárust 93 umsóknir, þar af tæplega helmingur umsókna til framhaldsverkefna eða 41. Vísindaráðsmeðlimir skipta með sér umsóknum sem þeir bera ábyrgð á gegnum matsferlið. Varamenn Vísindaráðs eru kallaðir til ef þurfa þykir vegna fjölda umsókna og taka þeir þátt í matsferlinu. Umsóknir eru metnar m.t.t. skilyrða Vísindasjóðs sem settar eru fram í leiðbeiningum sjóðsins og m.t.t. gæða umsókna, vísindalegs gildis/nýnæmis og vísindalegrar reynslu og hæfni umsækjenda. Utanaðkomandi matsaðilar eru fengnir til að meta umsóknir og gefa einkunn skv. matsblaði Vísindaráðs. Framgang til styrkveitingar fengu 78 umsóknir.

Auglýst var eftir umsóknum til Vísindasjóðs um styrki til handa ungu starfsfólki Landspítala til klínískra rannsókna þann 26. september og var frestur til að skila inn umsókn 20. október 2023. Sjóðnum bárust 16 umsóknir, þar af 7 umsóknir til 2ja ára, en auglýst var nú í fyrsta skipti eftir styrkjum til 2ja ára í þessum styrkjaflokki. Framgang til styrkveitingar fengu 5 umsóknir, 3 til 2ja ára og 2 til eins árs.

VAL Á HEIÐURSVÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA


Heiðursvísindamaður Landspítala er valinn á ári hverju af Vísindaráði. Árið 2023 auglýsti Vísindaráð eftir tilnefningum til heiðursverðlauna frá starfsfólki Landspítala um miðjan janúar og var umsóknarfrestur til 24. febrúar. Engin höft eru á tilnefningar aðrar en þær að tilnefndur aðili þarf að vera fastráðinn og í aðalstarfi á Landspítala. Ráðsmenn hafa veg og vanda af yfirferð tilnefninga og er lagt mat á vísindalegan árangur ásamt frumleika og sjálfstæðis viðkomandi. Horft er til fjölda birtinga í góðum erlendum fagtimaritum, fjölda greina þar sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur og fjölda tilvísana í birtar greinar, öflunar stórra styrkja héraendis sem erlendis og þátttöku og árangurs í erlendu samstarfi. Einnig er horft til framlags vísindamannsins til eflingar vísinda og vísindamenningar innan Landspítala, greinafjöldi sem byggir á rannsóknum innan spítalans, fjölda tilvitnana í þær greinar og fjölda útskrifaðra meistara- og doktorsnema. Ingibjörg Gunnarsdóttir næringarfræðingur var valin heiðurmaður Landspítala 2023.

HEIÐURSVÍSINDAMAÐUR LANDSPÍTALA 2023-FRÉTT

UMSJÓN OG YFIRFERÐ INNSENDRA ÁGRIPA VEGNA VÍSINDA Á VORDÖGUM

Auglýst var eftir ágrípum veggspjalda vísindaverkefna í byrjun febrúar og var frestur til innsendingar 10. mars. Fjöldi innsendra ágripa var 29 og voru þau öll samþykkt til birtingar í fylgiriti Læknablaðsins ásamt ávarpi formanns Vísindaráðs og dagskrá Vísinda á vordögum. Vísindaráð fer yfir og metur gæði allra ágripa áður en þau eru samþykkt til birtingar. Vísindaráð velur að jafnaði 2-4 ágríp sem hljóta sérstaka kynningu og peningaverðlaun á Vísindum á vordögum.

Athygli vekur að svo virðist sem áhyggjur vísindaráðs um viðvarandi fækkun á fjölda innsendra ágripa eigi við rök að stöðjast. Fækkun ágripa árið 2021 í kjölfar faraldurs virðist vera viðvarandi. Sjá meðfylgjandi stöplarit:



VAL Á UNGUM VÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA

Val á ungum vísindamanni Landspítala er í höndum Vísindaráðs. Samhliða auglýsingu eftir ágripum veggspjalda fyrir Vísindi á vordögum er auglýst eftir tilnefningum til heiðursnafnbótarinnar „Ungur vísindamaður Landspítala“ ár hvert. Val á ungum vísindamanni byggir á ferilskrá hans og ritalista og þá aðallega greinum þar sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur. Þá er einnig horft til vísindalegs gildis þess verkefnis og gæða þess ágríps sem viðkomandi sendir inn. Árið 2023 voru tilnefningar 4 talsins og á grunni innsendra gagna valdi Vísindaráð Poorya Foroutan Pajoochian sem ungan vísindamann Landspítala 2023.

[UNGUR VÍSINDAMAÐUR LANDSPÍTALA 2023-FRÉTT](#)

VÍSINDI Á VORDÖGUM - SKIPULAGNING, DAGSKRÁRGERÐ OG FRAMKVÆMD

Vísindi á vordögum er árleg uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum. Megintilgangur Vísinda á vordögum er að skapa vettvang fyrir starfsfólk Landspítala til að hittast og gefa sér tóm til að ræða um vísindi og kynna sér hvað aðrir á spítalanum eru að fást við í rannsóknum sínum auk þess að heiðra starfsfólk fyrir vísindastörf og úthluta styrkjum úr Vísindasjóði Landspítala.

Skipulagning hátíðarinnar og ákvörðun um dagskráliði er í höndum Vísindaráðs. Í undanfara Vísinda á vordögum 2023 fór fram viðamikill undirbúningur í umsjón starfsmanns ráðsins. Ber þar helst að nefna samstarf við samskiptadeild Landspítala þar sem unnið var að upptöku viðtala við heiðursvísindamann og ungan vísindamann, myndatökum, skipulagi á beinu streymi, auglýsingagerð og birtingu auglýsinga, grafískri hönnun auglýsinga og vefsíðu hátíðar auk samantekta fyrir vefsíðuna og síðu veggspjaldasýningar, samantekt á tölulegum gögnum til upplýsinga og vísindafréttum frá liðnu ári.

DRÖG AÐ HANDBÓK VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Undanfarin ár hefur starfsmaður ráðsins unnið að því að safna saman í handbók gagnlegum upplýsingum fyrir umsækjendur styrkja og matsaðila vísindaumsókna. Stærstur hluti handbókarinnar verður samansafn af efni sem Vísindaráð hefur unnið áður, svo sem leiðbeiningar til umsækjenda um gerð umsókna, leiðbeiningar um mat á umsóknum, stöðluð matsblöð Vísindaráðs og leiðbeiningar um einkunnagjöf. Ætlunin er einnig að safna í handbókina gagnlegu efni og tenglum til að auðvelda styrkjagerð. Á árinu 2023 var, eins og áður hefur komið fram, mikil vinna í ráðinu um tillögur að breytingu á úthlutunarstefnu Vísindasjóðs auk yfirvofandi breytinga boðuðum af forstjóra Landspítala hvað varðar vísindastarfsemi á spítalanum, sem gerði það að verkum að vinna handbókar var sett til hliðar tímabundið.

ÚTHLUTUN STYRKJA 2023

VERKEFNASTYRKIR VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Markmið verkefnastyrkja er efling rannsókna í heilbrigðisvísindum á Landspítala með úthlutun styrkja til metnaðarfullra verkefna sem stýrt eru af fastráðnu vísindafólki starfandi innan Landspítala. Árið 2023 var úthlutað styrkjum til 78 vísindaverkefna samtals rúmlega 125 milljónir króna, þar af voru 7.5 milljónir frá Minningarsjóði Landspítala Íslands, fullur styrkur til fjögurra verkefna. Úr Vísindasjóði Landspítala voru veittar



rúmlega 118 milljónir til 74 verkefna og var meðalupphæð styrkja rúmlega 1,5 milljónir króna. Styrkirnir voru afhentir af forstjóra spítalans og formanni Vísindaráðs á Vísindum á vordögum þann 26. apríl. Í meðfylgjandi tengli má finna upplýsingar um hverjir fengu úthlutað styrk.

ÚTHLUTUN VERKEFNASTYRKJA- YFIRLIT 2023


TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM ÚTHLUTUN ÁRIÐ 2023 OG SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR

Hér fyrir neðan eru teknar saman áhugaverðar tölulegar upplýsingar um úthlutun árið 2023 ásamt samanburði við úthlutanir síðustu ára.


Samanburður á fjölda umsókna og úthlutana til nýrra/framhaldsverkefna eftir kjarnasviðum á Landspítala.

Úthlutun eftir sviðum	Fjöldi umsókna	Fjöldi nýrra verkefnastyrkja	Heildarupphæð nýrra styrkja	Fjöldi framhaldsstyrkja	Heildarupphæð framhaldsstyrkja	Heildarstyrkúthlutun
Geðþjónusta	5	3	4.730.000	1	1.300.000	6.030.000
Hjarta-, æða- og krabbameinsþjónusta	9	5	7.280.000	3	5.200.000	12.480.000
Klínísk rannsóknar- og stoðþjónusta	25	14	25.505.000	4	7.510.000	33.015.000
Kvenna- og barnaþjónusta	11	11	14.750.000	0	-	14.750.000
Lyflækninga- og bráðaþjónusta	19	9	15.460.000	3	3.930.000	19.390.000
Skurð- og gjörgæsluþjónusta	10	5	6.450.000	3	5.100.000	11.550.000
Öldrunar- og endurhæfingarsþjónusta	2	0	-	1	1.460.000	1.460.000
Annað (Vísindadeild o.fl.)	12	5	8.765.000	7	10.710.000	19.475.000
Total	93	52	82.940.000	22	35.210.000	118.150.000


Samanburður styrkúthlutunar milli starfsgreina.




Samanburður á hlutfalli úthlutunar 2023 til ýmissa sviða af heildarúthlutun.




Fjöldi styrkumsókna og úthlutanir milli ára




Hlutfall umsókna sem eru samþykktar/hafnað milli ára




Skipting styrkúthlutunar eftir kyni milli ára




Samanburður á fjölda umsókna milli starfsgreina og ára



Samanburður á meðalstyrkupphæð milli ára – Breytingar í fjölda umsókna til Vísindasjóðs – Breytingar í heildarúthlutun



Fjöldi umsækjenda milli ára (aðalumsækjendur-PI)



MINNINGARGJAFASJÓÐUR LANDSPÍTALA ÍSLANDS

Minningargjafasjóður Landspítala Íslands (MLÍ) var stofnaður árið 1916. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættri meðferð sjúklinga, m.a. með styrkveitingum til þeirra eða aðstandenda þeirra og til tækjakaupa fyrir sjúkrahús og/eða til styrkur til valinna verkefna á vegum Landspítala. Sjóðurinn hefur úthlutað verðlaunastyrkjum til vísindafólks Landspítala í tengslum við úthlutun úr Vísindasjóði Landspítala. Valdir umsækjendur styrkja til Vísindasjóðs hafa ár hvert síðan 2018 (fyrir utan 2021) fengið verðlaunastyrk úr sjóðnum sem nemur umsóttri samþykktari upphæð til Vísindasjóðs og eru verðlaunahafar valdir af stjórn sjóðsins byggt á tillögum frá Vísindaráði Landspítala.

Árið 2023 úthlutaði Minningargjafasjóður Landspítala Íslands styrk til fjögurra metnaðarfullra verkefna að heildarupphæð 7,5 milljónir króna. Minningargjafasjóður Landspítala Íslands hefur þannig styrkt rannsóknir við Landspítala um rúmar 22 milljónir króna síðan árið 2018. Styrkþegar árið 2023 voru Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands, Hrafnhildur Eymundsdóttir á Öldrunardeild, Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands og Oddur Ingimarsson, sérfræðilæknir og lektor við Háskóla Íslands. Verðlaunastyrkirnir voru afhentir á Vísindum á vordögum þann 26. apríl.

[SJÁ HÉR FRÉTT UM STYRKAFHENDINGUNA](#)




STYRKIR VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA TIL KLÍNÍSKRA VERKEFNA UNGS VÍSINDAFÓLKS

Markmið styrkjaflokksins er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirkni ungs vísindafólks. Styrkjunum er ætlað að gera ungu vísindafólki kleift að taka launalaust leyfi frá klínískum störfum sínum til að stunda rannsóknir. Eins og fram hefur komið var gerð breyting á úthlutunarreglum sjóðsins hvað varðar þennan styrkjaflokk, þannig að sjóðurinn veitir fullan styrk til verkefnis til allt að 2ja ára, eða engan styrk.

Úthlutað var styrkjum til 5 verkefna, að heildarfjárhæð 12 milljónir króna og voru verkefnin styrkt ýmist í eitt eða tvö ár. Afhending styrkjanna fór fram við hátíðlega athöfn þann 12. desember. Þórarinn Guðjónsson, forseti Læknadeildar Háskóla Íslands, flutti ávarp og Runólfur Pálsson, forstjóri og Marianne Elisabeth Klinker, starfandi formaður Vísindaráðs, afhentu styrkina en Marianne var einnig fundarstjóri. Ungu vísindamennirnir fluttu kynningu á vísindaverkefnum sínum.

[SJÁ HÉR FRÉTT UM STYRKAFHENDINGUNA](#)



ÚTHLUTUN ÚR BIRTINGASJÓÐI LANDSPÍTALA

Birtingarsjóður Landspítala úthlutaði rúmlega 4 milljónum króna á þriðja starfsári sínu. Heildarfjöldi umsækjenda voru 23 talsins, 35 umsóknir voru afgreiddar á árinu og var 28 styrkjum úthlutað. Styrkirnir fóru til 19 höfunda greina og 26 mismunandi birtra greina. Af úthlutuðum styrkjum voru 13 vegna birtingar sem fyrsti höfundur að grein og 15 vegna birtingar sem síðasti höfundur að grein. Um 80% styrkjanna voru vegna birtinga í tímaritum af flokki A; tímarit í yfir 75% flokki áhrifastuðuls (Q1) í viðkomandi fræðigrein. Sjö umsóknum um styrk var hafnað af stjórn sjóðsins. Helstu ástæður höfnunar eru að um er að ræða yfirlitsgreinar sem hljóta ekki styrk skv. reglum sjóðsins, ekki eru styrktar fleiri en 3 greinabirtingar á ári frá sama höfundi, meira en 12 mán eru liðnir frá birtingu greinar, umsækjandi tengir sig ekki við Landspítala á greininni eða umsækjandi er ekki fastráðinn starfsmaður Landspítala.

Markmið Birtingasjóðs er að styðja frekar við vísindastarf starfsfólks Landspítala með því að hvetja vísindafólk til að birta rannsóknir sínar í erlendum tímaritum með háan áhrifastuðul og vera í leiðandi hlutverki í metnaðarfullum rannsóknarverkefnum. Styrkir sem veittir eru úr sjóðnum eru ekki bundnir við að greiða niður birtingarkostnað heldur ræður styrkhafinn hvornig hann nýtir styrkinn. Í stjórn sjóðsins eru forstjóri, framkvæmdastjóri hjúkrunar, framkvæmdastjóri lækninga, formaður Vísindaráðs og forstöðumaður vísinda. Dagleg umsjón sjóðsins fyrir hönd stjórnar Birtingasjóðs er í höndum starfsmanns Vísindaráðs.

[ÁRSSKÝRSLA BIRTINGASJÓÐS 2023](#)

VÍSINDI Á VORDÖGUM 2023



Uppskeruhátíð vísinda á Landspítala, Vísindi á vordögum, var haldin þann 26. apríl í Hringisal Landspítala og var athöfninni streymt beint. Unnur Þorsteinsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands setti hátíðina og ávarpaði hátíðargesti. Heiðursvísindamaður Landspítala árið 2023 var valin Ingibjörg Gunnarsdóttir, yfirmæringarfræðingur á Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands og hélt hún fyrirlestur um vísindalegan feril sinn og árangur. Þá var val á Poorya Foroutan Pajoochian sem Ungum Vísindamanni Landspítala 2023 kynnt og hélt hann í kjölfarið stutta kynningu á vísindaverkefnum sínum. Fundastjóri opnaði formlega veggspjaldavef hátíðarinnar og kynnti fyrir hönd Vísindaráðs val á verðlaunaágrípum hátíðarinnar en þau eru valin úr hópi innsendra ágrípa. Tveir vísindamenn fengu verðlaun fyrir sín ágríp/veggspjöld í formi fjárinneignar til greiðslu kostnaðar við kynningu á verkefnum sínum innanlands og/eða utan. Veggspjöld tæplega 30 vísindamanna voru til sýnis fyrir framan Hringisal og gafst fundargestum tækifæri á að skoða þau og ræða við höfunda þeirra í kaffihléi. Að loknu kaffihléi fór fram verðlaunaafhending úr verðlaunastjórn Pórrar Harðarsonar og Árna Kristinssonar og hélt Runólfur Pálsson ávarp og veitti verðlaunin fyrir hönd stjórnar sjóðsins. Verðlaunahafinn var Sædis Sævarsdóttir, prófessor og varadeildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands, gigtarlæknir á Landspítala og vísindamaður hjá Íslenskri erfðagreiningu en verðlaunaféð nam 7 milljónum króna. Þorbjörg Guðnadóttir, fulltrúi sjóðsstjórnar Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands, ávarpaði hátíðargesti og tilkynnti um styrkþega sjóðsins árið 2023. Fjórir vísindamenn fengu styrk og tveir þeirra kynntu stuttlega verkefni sín. Að lokum kynnti formaður Vísindaráðs Landspítala niðurstöður úr matsferli ráðsins á umsóknum til Vísindasjóðs Landspítala og í framhaldinu afhenti forstjóri styrki úr sjóðnum til 74 vísindaverkefna.

Vísindi á vordögum er uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum og er afrakstur vinnu Vísindaráðs til kynningar á vísindastarfi innan spítalans. Hátíðinni hefur verið streymt beint síðustu þrjú ár og eru upptökur af hátíðinni og einstökum fyrirlesturum aðgengilegar á vef spítalans. Á vef hátíðarinnar eru einnig að finna helstu fréttir á sviði vísindastarfs á spítalanum sem birst hafa á innri og ytri vef Landspítala, sem og ýmis töluleg yfirlit.

[DAGSKRÁ VÍSINDA Á VORDÖGUM 2023](#)

[FYLGITR LÆKNABLÆDSINS VEGNA VÍSINDA Á VORDÖGUM 2023](#)

[VERÐLAUNAÁGRIP VEGGSPJALDA 2024-FRÉTT](#)

[VEFSÍÐA VÍSINDA Á VORDÖGUM 2023](#)

[SAFNVEFUR VÍSINDA Á VORDÖGUM](#)

VEGGSPJALDAKYNNING Á VÍSINDUM Á VORDÖGUM

Veggspjöld sem kynnt voru á hátíðinni eru einnig aðgengileg á rafrænu formi á vefsíðu hátíðarinnar sem stuðlar að auknum sýnileika vísindastarfs á Landspítala. Ágrip veggspjaldanna eru einnig ár hvert birt í fylgiriti Læknablaðsins. Mikilvægt er að starfsfólk og annað áhugafólk hafi tækifæri til að kynna sér þær vísindarannsóknir sem stundaðar eru á spítalanum og að taka þátt í Vísindum á vordögum er ekki síður mikilvægt fyrir það starfsfólk spítalans sem er að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum.

VEFSÍÐA VEGGSPJALDA 2023



UM VÍSINDASJÓÐ LANDSPÍTALA

Vísindasjóður Landspítala-háskólasjúkrahúss var stofnaður árið 2001 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur ([sjá skipulagsskrá](#)) og voru fyrstu styrkveitingar úr sameinuðum sjóðunum á árinu 2002. Vísindasjóður veitir styrki úr sjóðnum byggt á tillögum frá Vísindaráði Landspítala sem ber ábyrgð á og hefur umsjón með faglegu mati umsókna til sjóðsins hverju sinni. Í stjórn sjóðsins eru Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala og prófessor við HÍ, Tómas Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri lækninga, Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs, yfirmaður sameindameinafræði á meinafræðideild og klínískur prófessor, Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar og Gunnar Beinteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðssviðs.

Fylgiskjal með ársskýrslu Vísindaráðs Landspítala 2023:

Vísindasjóður Landspítala - áætluð útgjöld miðað við breytta úthlutunarstefnu sjóðsins

Gengið er út frá forsendum um breytta úthlutunarstefnu sem kynnt var forstjóra sumarið 2023.

Árlegt framlag næstu 2 árin er 150 milljónir sem hækkar í 160 milljónir 2027, 170 milljónir 2029 og 185 milljónir árið 2032

	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
<i>Upphafsstaða</i>	46,0	45,7	85,6	128,2	125,7	89,2	62,7	46,2	29,7	13,2
Framlag Lsp	130,0	150,0	150,0	150,0	160,0	160,0	170,0	170,0	170,0	185,0
Áætlaður árlegur rekstrarkostn	-0,5	-0,5	-0,5	-0,5	-0,5	-0,5	-0,5	-0,5	-0,5	-0,5
Verðbæting á bundnu e.fé	-2,2	-1,5	-0,9	-1,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Heiðranir og ráðstefnuverðlaun		-1,1	-1,0	-1,0	-1,0	-1,0	-1,0	-1,0	-1,0	-1,0
Lofaðir styrkir til ungra vísindamanna	0,0	-4,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5
Lofaðir minni verkefnastyrkir	0,0	0,0	0,0	-40,0	-60,0	-40,0	-40,0	-40,0	-40,0	-40,0
Lofaðir stærri verkefnastyrkir	0,0	0,0	0,0	-50,0	-75,0	-75,0	-75,0	-75,0	-75,0	-75,0
Ný úthlutun til ungra vísindamanna	0,0	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5	-7,5
Ný úthlutun minni verkefnastyrkja	0,0	-75,0	-40,0	-20,0	-20,0	-25,0	-25,0	-25,0	-25,0	-25,0
Ný úthlutun stærri verkefnastyrkja	0,0	-20,0	-50,0	-25,0	-25,0	-30,0	-30,0	-30,0	-30,0	-30,0
Gamla formið - verkefnastyrkir	-120,1									
Gamla formið - ungir vísindamenn	-7,5									
Samtals úthlutaðir styrkir		▼ -107,0	▼ -105,0	▼ -150,0	▼ -195,0	▼ -185,0	▼ -185,0	▼ -185,0	▼ -185,0	▼ -185,0
Lokastaða	▼ 45,7	85,6	128,2	125,7	89,2	62,7	46,2	29,7	13,2	11,7
<i>Fjöldi minni/stærri styrkja</i>			20/10	30/15	40/20	30/20	30/20	30/20	30/20	30/20

Núverandi fjöldi styrkja per ár er sirka 75 - 80, og fjöldi vísindamanna með verkefnaábyrgð á hverjum tíma sirka 55 - 60

Meðalupphæðir styrkja hefur verið kringum milljónina (vel rúm milljón í vor) og flestir styrkir u.þ.b. 40-60% af umbeðnum styrk.

Áætlað að unnið verði að 45-50 verkefnum á hverjum tíma, verkefni sem fá úthlutað 100% af umbeðinni styrkupp hæð.

Þegar jafnvægi næst er áætlað að 45-50 vísindamenn séu með rannsókn í gangi á hverjum tíma. Líklega 70-80% af virku vísindafólki LSH.

